

## Fundargerð stjórnar SOS nr. 300

### Stjórnarfundur SOS

**Staður:** Teams fjarfundur

**Dagsetning og tími:** 22. febrúar 2021 kl. 15:00.

Mætt voru í fjarfundi: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Ingibjörg Kjartansdóttir stjórnarmaður, Helgi S. Haraldsson úr varastjórn, í stað Örnú Írar Gunnarsdóttur, Gísli Halldór Halldórsson (GHH) ritari stjórnar og Anton Kári Halldórsson (AKH). Þá mætti Stefán Gíslason (SG) frá Environice.

#### 1. Samráðsvettvangur vegna endurskoðunar á svæðisáætlun

Fundargerð frá 17. febrúar s.l. lögð fram til kynningar. Sorpstöð Suðurlands virðist komin langt í sinni vinnu við svæðisáætlun, sé litið til annarra.

#### 2. Umsögn um drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi greinargerð um stefnuvörðugun. AKH falið að skila þeim sem umsögn SOS inn í samráðsgátt.

#### 3. Aðgerðaráætlun SOS vegna sameiginlegrar svæðisáætlunar

Stjórn SOS samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að aðgerðaráætlun og leggur hana fram sem innlegg Sorpstöðvar Suðurlands í gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvestur-horninu.

#### 4. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán fór yfir stöðu mála. Að mestu er búið að fylla heimildir í Stekkjarvík og aðilar hættir að afhenda þangað sorp frá Suðurlandi. Útflutningur ÍGF á brennanlegu sorpi jafngildir nú um 15.000 tonnum árlega. Formanni er falið að ítreka fyrri erindi til Sorpu er varða móttöku á grófum úrgangi.

Gert er ráð fyrir að næsti stjórnarfundur verði haldinn 23. mars næstkomandi klukkan 15:00 í fundarsal SASS á Selfossi.

Fundi slitið klukkan 16:15